



Framhaldsskólaskírteini Almennt vinnustaðanám

Hluti af þróunarverkefni í VMA
skólaárið 2010 – 2011
Jóhannes Árnason

Framhaldsskólar útskriftarleiðir



Stúdentspróf (vel skilgreint, fjögur ár), almenn menntun, undirbúningur fyrir háskólanám, góður undirbúningur fyrir líf og starf. Er það rétt? Hvaða hæfileikar fá að njóta sín í núverandi stúdentsnámi? Málgreind, talnagreind og..

Listnám, myndlist og textíll. Hvað með tónlist, kvikmyndir, sviðslistir, dans, bókmenntir, ritun?

Iðnnám (skóli, vinnustaðanám, sveinspróf) hefðbundið. Fara margir þá leið að verða iðnaðarmenn og taka stúdentspróf og verða svo kennarar?

Annað starfsnám, mislangt 2 – 3 ár, sjúkraliðanám og fleiri heilbrigðisgr. viðskiptabraut, íþróttabraut og fl.

Sömu bóklegu áfangar á öllum leiðum. STÆ102, ÍSL102, ENS102, hafa sýnt sig að vera þröskuldur fyrir nemendum.

Starfsbraut fatlaðra, sérstaklega sniðin þeirra þroska og getu.



Bóklegi þröskuldurinn/múrinn.

- Ýmsum gengur illa í bóklegu námi, eða festa sig illa við það.
Er það að koma í ljós í fyrsta skipti þegar viðkomandi kemur í VMA? Komast upplýsingar á milli?
- Er ekki líklegt að þetta sé komið í ljós fyrir löngu síðan?
Dyslexia, einbeiting, ofvirkni, fjölskyldan, ofbeldi...
- Um hve marga nemendur gildir þetta?
- Er hægt að útskrifa nemendur án þessara ákveðnu áfanga?
(STÆ102, ÍSL102, ENS102....)
- Hvernig umhverfi er skóli, hvernig hefur hann reynst þessum nemendum? Finna allir nemendur styrkleika sína í skólum eins og við rekum grunnskóla og framhaldsskóla?



Almenn braut, framhaldsskólaskírteini.

Almenn braut **hefur haft merkinguna**: gengur illa í bóklegu, nær ekki viðmiðum til að komast í alvöru framhaldsskólanám, er þá ekki góður nemandi.

Útskrifa með framhaldsskólapróf, styttra nám.

Það gæti haft merkinguna: þau sem fá slíkt skírteini geta ekki lokið alvöru námi, enn ein staðfesting á getuleysi.

VMA vill að allir fái skírteini af öllum námsbrautum við ákveðinn einingafjölda. Tillaga um að miða við 52 ein eða 13 einingar á önn í fjórar annir. Ekki verði hægt að fá þetta skírteini fyrr en eftir fjórar annir.

A.m.k 26 einingar í VMA.

Þróunarverkefni



VMA fékk styrk til að vinna að þróun á skírteini sem allir nemendur myndu fá við ákveðinn einingafjölda.

Hvaða einingafjöldi? Hve margir myndu ná því á t.d. tveim árum. FVA (Akranesi) miðar við 52 ein. 13 ein. á önn.

Byrjað að skoða tvo árganga nýnema, H2007 (fædd '91) og H2008 (fædd '92). Skoða námsferla þeirra í VMA.

Vorönn 2011 afhenda slík skírteini, búa til viðmið, hvaða form á að vera á skírteininu, (einkunnir eða ekki), geta um ákveðna áherslu í náminu á skírteini (áhersla á: málmsmíði, matvælanám, almennt bóknám, þjónusta, vinnuvélar??).

Ræða við nemendur, vinnuveitendur, ráðuneyti, kennara, aðra um gildi slíks skírteinis. Nógu margir fái slíkt skírteini.



Dæmi um námsferla.

AN1, oft með tvö eða fleiri föll í bóklegu í 10.b.

Upphafleg braut	Póstnúmer H2007	Alls loknar ein	skráður í h7	loknar ein H7	skráður í V7	loknar ein V8	skráður í H8	loknar ein H8	skráður í V9	loknar ein V9	skráður í H9	loknar ein H9	skráður í V10	loknar ein V10	skráður í	Metnar ein alls	Staðnar einingar hlutfall
AN1	603	22	17	15	14	7											71,0%
AN1	630	68	17	15	17	15	14	12	19	14						9	83,6%
AN1	600	23	16	12	17	11	5	0									60,5%
AN1	625	17	17	17	16	0											51,5%
AN1	603	56	17	15	16	16	16	9	12	3	12	11	16	2	12		62,9%
AN1	620	44	17	15	14	10	12	8	14	10						1	75,4%
AN1	660	89	17	14	18	15	16	11	17	11	16	9	18	18		5	76,5%
AN1	621	42	17	17	16	12	18	13	8	0							71,2%
AN1	600	66	16	14	16	13	14	14	17	13	14	3	14	9	15		72,5%
AN1	603	18	18	18													100,0%
AN1	603	28	16	14	16	14											87,5%
AN1	675	53	16	14	18	10	16	9	15	3	15	8	13	9	10		57,0%

Nýnemar H2007 og H2008



Úr gögnum VMA INNU úr námsferlum nemenda. Fjöldi nem.

	1.önn	2. önn	3. önn	4. önn	5. önn
H2007	263	242 92%	216 82%	210 80%	168 64%
H2008	253	238 94%	202 80%	187 74%	145 57%

Ef skoðaðir eru nýnemar H2008 þá sést að 43 eru í öðrum framhaldsskólum H2010 en 65 (1/4) líklega ekki í skóla.

Mismunandi eftir námsbrautum. Eðlilegt að sumir nemendur hætti, færi sig í aðra skóla. Nám ekki í boði, matv. nám.

Athugið að VMA tekur við nemendum inn á annað ár og inná þriðja ár úr öðrum framhaldsskólum, ekki taldir hér.

Sjá vef VMA um almennar upplýsingar um nemendur.

Nýnemar H2008 einingar



253 byrjuðu H2008 145 í VMA H2010

Af 145 eru 106 með 52 einingar eða fleiri.

Af 145 eru 33 með 31 – 51 einingar.

Af 145 eru 6 með 30 einingar eða færri.

108 eru þá ekki í VMA H2010.

Af 108 eru 22 með 52 einingar eða fleiri í VMA.

Af 108 eru 48 með 31 – 51 einingar í VMA.

Af 108 eru 40 með 30 einingar eða færri í VMA.

Um það bil helmingur nær 52 einingum á tveim árum.



Álitamál um framhaldsskólaskírteini

Á að afhenda öllum svona skírteini? Já það vill VMA.

Er bara enn einu sinni verið að segja sumum nemendum að þau séu ómöguleg? Ekki ef allir fá skírteinið.

Er einingamarkið of hátt? Já miðað við þá sem ná því.

Vantar nemendur úthald til að tolla í skóla / vinnustaðanámi í tvö ár?

Eru námsleiðir í VMA einfaldlega ekki raunhæfar fyrir ¼ nemenda? Greinilega. Af hverju falla nemendur?

Þarf að leita út fyrir skólann til að fá nám sem nemendur sinna og nýtist þeim? Líklega þarf slíkt.

Almennt vinnustaðanám.



Nemendur eigi kost á því að vera í almennu vinnustaðanámi með námi í VMA. Bæði í skólanum og á vinnustað.

Á fyrsta ári verði nemendur að mestu í skólanum. Á almenntri braut eða á ákveðinni námsbraut t.d. einhverri verknámsbraut.

Á öðru ári velji nemendur sér vinnustaðaleið ef þeim líst ekki á að vera eingöngu í skólanum.

Haustönn: Vinnustaðafræði, vinnuvélanámskeið, þjónustunámskeið og heimsóknir á hugsanlega vinnustaði. Valinn staður fyrir vinnustaðanám.

Vorönn: Vinnustaðanám tveir dagar í viku, verklegt nám í VMA eða bóklegt. Vinnustaðanám til eininga, samkvæmt stundatöflu, markmiðum og með eftirfylgni og mati á ástundun og árangri.



Almennt vinnustaðanám. Markmið.

- Að VMA geti boðið öllum nemendum uppá námsleiðir til skírteinis, líka þeim sem ekki ráða við/treysta sér í að ljúka almennum grunnáföngum í bóklegu.
- Að viðurkenna að nám fer ekki bara fram í skólum. Þó þurfi markmið og mat til að við tölum um markvisst nám.
- Að nemendur öðlist almenna færni í vinnubrögðum á vinnustað: Þekki öryggismál, aga á vinnustað, árangursrík samskipti, læri að vinna með öðrum og undir leiðsögn og fái reynslu og yfirsýn sem gefi frekar atvinnu síðar.
- Að nemendur fái hugsanlega réttindi á einhverjum sviðum svo sem við meðferð vinnuvéla og tækja.
- Að fyrirtæki og stofnanir fái tækifæri til að taka þátt í menntun tilvonandi starfsmanna, kynnt starfsemina og skoðað sig.



Almennt vinnustaðanám. Fyrirkomulag. Nemandi:

Nemandi/forráðmenn, VMA og fulltrúi vinnustaðar undirrita samkomulag sem kveður á um hlutverk hvers aðila.

Nemandi gengst inná að:

- skólareglur gildi,
- tilkynna eigi veikindi,
- ekki séu leyfilegar fjarverur án leyfis eða tilkynninga,
- leysa eigi ákveðin verkefni um vinnustaðanámið,
- fara eigi að öllum öryggis- og umgengnisreglum á vinnustað,
- að ekki séu greidd laun fyrir vinnustaðanámið,
- að vinnustaðanám gefi einingar til VMA skírteinis.



Almennt vinnustaðanám. Fyrirkomulag. Vinnustaður.

Vinnustaður:

- útnefnir tengilið/leiðbeinanda/mentor sem nemandinn er í sambandi við á vinnustaðnum,
- gefi nemanda tækifæri til að kynnst vinnustaðnum,
- tryggir nemandanum tækifæri til að þjálfra þau atriði sem ætlast er til í almennri vinnustaðafærni. Nemandinn fær aðstoð við að skila af sér því sem ætlast er til.
- gefi umsögn og skili þeim upplýsingum um vinnustaðanámið sem krafist er
- greiðir ekki laun en láti í té vinnu leiðbeinanda m.a. við að taka þátt í námskeiði / fræðslu um hlutverk mentors á vinnustað
- fær vinnuframlag nemanda eins og hægt er að ætlast til
- hefur möguleika á að þjálfra hugsanlegan starfsmann.

Almennt vinnustaðanám.

Fyrirkomulag. VMA.



VMA:

- parar saman nemanda og vinnustað þannig að fram hafi komið áhugasvið eða annað sem bendir til þess að vinnustaðurinn henti nemandanum.
- tilgreinir kennara / tengilið sem nemandinn er í sambandi við, heimsækir nemanda á vinnustað, sér um öll gögn og mat á vinnustaðanáminu (kennari hóps í vinnustaðanámi)
- sér um að allar tryggingar séu í lagi (í samráði við vinnust)
- sér um að öll gögn séu aðgengileg t.d. á vef skólans eða MOODLE um markmið, fyrirkomulag, skyldur hvers aðila, verkefni sem nemandi þarf að skila af sér, viðveru og fl.
- leysir úr og sker úr um deilumál
- veitir leiðbeinendum / mentorum á vinnustað stuðning og fræðslu með skipulegum hætti.



Almennt vinnustaðanám.

Markmið, matskvarðar, fagkunnátta.

Hvað er almenn vinnustaðafærni?

Eru til hjá fyrirtækjum og stofnunum námsefni, markmið og lýsingar á færni sem telst nokkuð algild á vinnustöðum?

Eru til matskvarðar til að gefa leiðbeinandi mat til nemanda um samskipti, getu til að taka leiðbeiningum, frumkvæði og yfirsýn?

Ekki er miðað við að nemendur komi með sérhæfða þekkingu og færni með sér í vinnustaðanámið. Ekki eins og væri ef vinnustaðanámið er hluti af fagnámi í iðn eða öðru.

Þó er líklegt að sumir af nemendunum hafi með sér hluta af grunnámi í iðngrein og þá er mikilvægt að þeir fái að njóta þess í viðfangsefnum á vinnustaðnum.

Almennt vinnustaðanám.

Hvað svo?



Eftir vinnustaðanám:

- Almenn færni og þekking á vinnustöðum.
- Dálítil reynsla af því að beita kunnáttu sinni í fagi á vinnustað.
- Vonandi aukið sjálfstraust nemandans.
- Vinnuvélaréttindi eða hugsanlega önnur viðurkenning í gegnum vinnustaðadvölina.
- VMA skírteini líkt og aðrir fá sem hafa verið í hreinum skóla.
- Hugsanleg tækifæri til að fá vinnu að sumri eða til frambúðar eftir að hafa kynnt sig vel á vinnustaðnum.
- Vilji og sjálfstraust til að stunda áframhaldandi nám í ákveðinni faggrein eða í almennu námi.

Almennt vinnustaðanám. Álitamál.



Munu nemendur vilja fara þessa leið?

Hvaða nemendur munu vilja gera þetta? Bara þeir sem ekki þola að vera í skóla, munu þeir þola að vera í vinnustaðanámi?

VMA vill miða fyrst á nemendur sem sýna sig í að mæta vel, reyna að sinna náminu en vegna einhvers gengur bóklega námið ekki vel.

Munu vinnustaðir vilja taka þátt?

Ef ekki eru greidd laun, munu verkalyðsfélög líta þetta hornauga?

Er verið að búa til fúskara í ákveðnum faggreinum?



Alþjóðlegt samstarf.

Er nauðsynlegt að finna tækifæri fyrir nemendur að stunda nám á vegum VMA á vinnustað, ekki endilega sem formlegt iðnnám?

Mun VMA verða miðstöð fyrir skipulagningu á vinnustaðanámi á svæðinu, líka iðnnámi? Iðan, SA?

Líta á vinnustaðanám sem samkomulag þriggja aðila: nemandi, vinnustaðar og skóla/þess sem finnur pláss á vinnustað, þaðan komi líka fólk í heimsókn á vinnustað. Þegar til í sjúkraliðanámi og matvælanámi.

Hugsanleg tækifæri til að læra af öðrum þjóðum í samstarfsverkefnum.

VMA er að leita eftir samstarfsaðilum á svæðinu til að taka þátt í Evrópuverkefni um Mentora á vinnustað.